

ANTIKA EHF 2022

Bíldsfell

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir





Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.

Forsíðumynd: Yfirgróin varða; horft yfir skráningarsvæðið að Soginu.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Rúna K. Tetzschner

Kortagerð: Hermann Jakob Hjartarson

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-25-3

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram

@ Antikva ehf., Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Kort.....	5
Inngangur	6
Fornleifaskráning	7
Skráningarsvæðið	8
Tilgangur fornleifaskráningar	9
Fornleifaskráning og aðferðir	13
Minjanúmer	13
Tegund, hlutverk og heiti.....	13
Staðsetning.....	13
Staðhættir og lýsing	14
Hættumat	14
Mótvægisáðgerðir	14
Fornleifar á svæðinu.....	15
Bíldsfell	15
Stakkgarður [2839-200] þúst	17
Ferjustaður [2839-201] heimild.....	18
Leið [2839-202] gata	19
Kennimark – varða [2839-203] varða	21
Óþekkt [2839-204] hellur	22
Túngarður [2839-207] garðlag	22

Samantekt og niðurstöður.....	24
Heimildir	26
Árnastofnun – Örnefnasafn	27

Myndaskrá

Mynd 1. Horft suðaustur yfir skráningarsvæðið frá Fremrikletti í norðvesturhorninu.	8
Mynd 2. Skráningarform í Grímsnes- og Grafningshreppi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.....	12
Mynd 3. Þústir [2839-200] við Tóftarmýrarlæk. Eru þetta leifar af stakkgarði eða tóft?	18
Mynd 4. Óvíst er hvar gamli ferjustaðurinn [2839-201] var en þarna gæti bátur hafa verið dreginn á land.	19
Mynd 5. Ógreinilegur stígur [2839-202] liggur norður meðfram Soginu.....	20
Mynd 6. Yfirgróin varða [2839-203] er skammt frá byggingarreit Bíldsbrúnar 3 en utan skipulagsmarka.....	21
Mynd 7. Hellur [2839-204] við klett.	21
Mynd 8. Hellur [2839-204].	22
Mynd 9. Túngarður [2839-20] við hið gamla bæjarstæði Bíldfells.	23

Kort

Kort 1. Skráningarsvæðið er rauði punkturinn á kortinu.	2
Kort 2. Mörk skipulagsvæðisins og byggingareitir.	7
Kort 3. Yfirlitskort af skipulagsvæðinu og minjum sem hafa verið skráðar.	15
Kort 4. Svörtu línurnar sýna byggingareitina og rauðu punktar/línur sýna staðsetningu minja.	17
Kort 5. Varða [2839-203] rétt utan skipulagssvæðis og hellur [2839-204].	20

Inngangur

Að beiðni Hlöðvers Þórs Árnassonar, tók Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikva ehf., að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags á Bíldsfelli III í Grímsnes- og Grafningshreppi. Þar er gert ráð fyrir fimm lóðum og lögbýlum á fjórum þeirra.

Skráningin fékk verknúmerið 2839 hjá Minjastofnun Íslands.

Fast utan vesturmarka svæðisins er varða sem gæta þarf að en hún er þó ekki í hættu. Austan megin upp við Sogið eru ógreinilegar leifar af stakkgarði, leiðir og mögulega hefur á þeim slóðum verið ferjustaður. Þessar minjar voru mældar upp og staðsettar.


Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins, svo sem hættumat, og skýrslu- og kortagerð. Allar minjar voru mældar upp og við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Skýrsluhöfundar sáu um vettvangsvinnu og heimildavinnu.

Með skýrslunni fylgir fornleifaskrá og stafrænn hnitagrunnur.

Fornleifaskráning

Fornleifaskráning fór fyrst fram á Bíldsfelli árið 1998 og annaðist Fornleifastofnun Íslands hana.¹ Sú skráning var barn síns tíma og einkum tekið mið af vísbendingum heimilda við skráningu en ekki var gengið skipulega um svæðið í leit að fornleifum. Auk þess voru mælingatæki ekki jafn nákvæm og í dag. Fornleifaskráning í Grímsnes- og Grafningshreppi var síðan endurskoðuð árið 2018 en þá var þó heldur ekki gengið skipulega um svæðið heldur stundum látið nægja að skoða loftmyndir.² Samkvæmt nýjustu stöðlum Minjastofnunar Íslands ber að staðsetja og mæla upp allar minjar á vettvangi. Er það gert í skráningunni sem hér fer á eftir.



Kort 2. Mörk skipulagsvæðisins og byggingareitir.

¹ Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir, 1998.

² Birna Lárusdóttir, 2018.

Skráningarsvæðið

Um er að ræða 62 hektara svæði sem nær yfir hluta Bíldsfells III í Grafningi. Landinu hallar til suðurs og austurs að Soginu og er að mestu þakið túnnum, mólendi, lyngi og lágvöxnu kjarri. Hamraklettar eru á svæðinu norðvestanverðu. Tveir lækir renna þvert yfir svæðið austur í Sogið sem afmarkar það austan megin, annar um Bæjargil á sunnanverðu svæðinu og hinn um mitt svæðið. Þá liggur háspennulína þvert yfir svæðið frá norðri til suðurs. Að sunnanverðu liggja mörkin meðfram Bíldfellsvegi og vesturmörk eru nokkur vestar en malarvegurinn Bíldsbrún sem liggur norður frá Bíldfellsvegi.



Mynd 1. Horft suðaustur yfir skráningarsvæðið frá Fremrikletti í norðvesturhorninu.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Intrasis - Untitled.ipf * - Object Browser

File Edit Database Analysis Object Tools Help

1:18884

Project Wind... GIS View 1 Database view - Grímsnes-og Grafningshreppur Fornleifaskráning Object Browser Class 'Arkeologiska object' Group 'Not grouped objects'

Attributes Text Relations Geo Objects Documents Events

Attribute	Value
Id	203
Name	Varða
Class	Arkeologiska object
Gömul númer	Ekki skráð áður
Sérheiti	
Bæjarnafn	Bíldsfell
Jarðatal Johnsen	480
Flokkun	Kennimark
Tegund	Varða
Efni	Griót
Lengd	2 meter
Breidd	1,8 meter
Hæð	0,80 metrar
Veggjahæð frá	
Veggjahæð til	
Breidd veggjar	
Athugasemdir	
Umhverfi	Á klapparhól gróin
Svæði	<None>
Túnakort	Nei
Heimildir	Engar heimildir
Örnefnaskrá	
Aldur	Óviss
Skráning	RKT
Mæling	Uppmæling
Dagur	26.10.2022
Höfin	Nei
Höfin_astæða	<None>
Hættumat	Engin hættu
Hættuorso	<None>
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
Minjagildi	Mikið
Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell
Verkefna nr	2839
Sveitarf	Grímsnes- og Grafningshreppur
Gróður	Gróid
Friðað	Já
Friðlýst	Nei
Hlutverk	Eyktarmark

Created 14.11.2022 by Admin Last edited 14.11.2022 by Admin

Mynd 2. Skráningarform í Grímsnes- og Grafningshreppi, fylgir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar undir jörðina Bíldsfell. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir voru teknar og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Minjanúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef finnst en annars hlutverki þeirra, til dæmis „varða [203]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer Minjastofnunnar og seinna númer er númer skráningarinnar í landfræðilegum gagnagrunni Antikva yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Grímnes- og Grafningshreppi.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stakkgarður [200].

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Grímnes- og Grafningshrepps. Í hjálagðri fornleifaskrá eru gefin upp hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Staðsetning

þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhättum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat


Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær hafa ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki hefur einar fornleifar horfið og er því eingöngu þekkt úr heimildum.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvað þarf að gera og með hvaða hætti.

Fornleifar á svæðinu



Kort 3. Yfirlitskort af skipulagsvæðinu og minjum sem hafa verið skráðar.

Bíldsfell

Samkvæmt báðum megingerðum *Landnámu* reisti landnámsmaðurinn í Grafningi sér bú að Bíldsfelli: „Þorgrímr bíldr, bróðir Önundar bílds nam lönd öll fyrir ofan Þverá ok bjó at Bíldsfelli.“³ Kirkja hefur líka risið þar snemma og er fyrst getið í máldaga frá því um 1220⁴ og síðan í *Vilchinsmáldaga* árið 1397 en þá er jörðin í eigu Skálholtsstóls.⁵ Bíldsfells, bæjar eða fjalls, er einnig getið í *Harðar sögu*.⁶ Jón Espólin getur þess síðan í árbókum sínum, að þá er farið var að Jóni Gerrekssyni 1433 og honum drekkt í Brúará, hafi einn í aðförinni verið

³ Íslensk fornrit, I, 1968, 388-390.

⁴ Íslenskt fornbréfasafn, I, 1857-1876, 409.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn, IV, 1897, 93.

⁶ Íslensk fornrit, XIII, 1990, 50.

Sveinn Þorsteinsson, bóndi frá Bíldsfelli, „rammur að afli“. Hann var talinn með staðarlandsetum stólsins.⁷

Við gerð *Jarðabókar* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1708 voru ábúendur tveir, Jón Sveinsson og Þorleifur Björsson, jörðin var enn eign Skálholtsstóls en jarðardýrleiki óviss. Miðað við jarðabókina er mikill ágangur af völdum náttúruaflla á þessum tíma: „Túninu spilla leirskriður úr fjalli, sem jeta sig niður í dældir og gjöra jarðföll, ítem stórgryti, sem hrapar úr fjallinu. Engið fellur mjög í hrjóstur og fer til þurðar. Torfrista og stúnga er valla nýtandi. Tveir vatnshólmar fylgja jörðinni, hvorugur gagnvænn.“⁸ Eftir Skaftárelda og móðuharðindi var biskupsstóllinn í Skálholti lagður niður og stólsjarðirnar seldar og Bíldsfell sem þá var í eyði var selt Jóni Sigurðssyni á Villingavatni sem flutti þangað árið 1788. Hann kvæntist tvisvar og var barnmargur en þegar hann féll frá 1821 keypti Ögmundur sonur hans jörðina af systkinum sínum, bætti hana mikið, sléttaði túnið, stækkaði og girti.⁹ Hagur jarðarinnar vænkaðist því meðan hún var í eigu þessarar ættar og þegar jarðatal var tekið árið 1847 var hún metin 42,6 hundruð.¹⁰ Við gerð túnakorts 1918 höfðu 7,9 hektarar verið sléttaðir undir tún að Bíldsfelli og matjurtagarðar náðu yfir 1454 m².¹¹

Bíldsfell skiptist „aðallega í lyngmóa, heiðar, mýrardrög, fjallendi og melaöldur. Hagar eru að mestu leyti grónir og skjólgóðir. Vetrararbeit er góð því nokkuð er um kjarr og lyng [...] allgóð lax- og silungsveiði“ er í Soginu en hefur ekki verið notuð í seinni tíð.“¹² Ný tún voru tekin í notkun og sléttuð um og eftir 1970 en árið 1983 náðu túnin yfir 51,4 hektara af landinu.

Gamla bæjarstæðið er á hæð undir fjallinu Bíldsfelli og gamli bærinn stóð áður þar sem nú er timburhús byggt árið 1928.¹³ Þar í kring í allmargar minjar sem voru skráðar árið 1998.¹⁴ Þær eru þó allar vestan og utan núverandi skráningarsvæðis.

⁷ Ö-Bíldsfell ÖS.

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1918-1921, 384.

⁹ Ö-Bíldsfell ÖS.

¹⁰ Johnsen, 1847, 73.

¹¹ *Túnakort Bíldfells í Grafningshreppi*, 1918.

¹² *Sunnlenskar byggðir*, III, 1983, 268.

¹³ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 480:001.

¹⁴ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, 73.



Kort 4. Svörtu línurnar sýna byggingareitina og rauðu punktar/línur sýna staðsetningu minja.

Stakkgarður [2839-200] þúst

Í örnefnalýsingu segir: „Tóftarmýri liggur meðfram Soginu, sunnan við Nesheiðina [...] Tóftarmýrarlækur rennur úr holtinu út í Sogið, en Tóftin, sem mýrin dregur nafn af, er gamall Stakkgarður, tóftarþúst, vestan til í mýrinni.“¹⁵ Þústarbakki, um 4 x 3 m er í þýfðum móa vestan í mýrinni, alveg upp við lækinn, sunnan við hann, en um 30 m norðvestur af Soginu. Mögulega eru þar einhverjar leifar af þessum gamla garði en þær eru afar ógreinilegar. Gata liggur framhjá þústarbakkanum . Þessar þústir hafa lítið minjagildi. Þær eru innan skipulagssvæðisins en utan byggingarreita og því ekki í hættu.

¹⁵ Ö-Bíldsfell ÖS; Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 480:036.



Mynd 3. Þústir [2839-200] við Tóftarmýrarlæk. Eru þetta leifar af stakkgarði eða tóft?

Ferjustaður [2839-201] heimild

Samkvæmt örnefnalýsingu heitir Teigsflatarmýri meðfram Soginu sunnan við Tóftarmýri og þar segir einnig: „Ferjuholt heitir heiðarholtið fyrir vestan Teigsflatarmýri.“¹⁶ Áður en brýr voru byggðar var ekki hægt að komast yfir Sogið öðruvísi en með ferjum en þar voru víða góðir ferjustaðir. Einn þeirra var frá Bíldsfelli gegnt Ásgarði.¹⁷ Við fyrri fornleifaskráningu var Ferjuholt með hliðsjón af örnefnakorti staðsett alllangt vestur frá Soginu þar sem nú eru slétt tún.¹⁸ Þar hefur það síðan verið merkt inn á deiliskipulagsuppdrátt. Örnefnakort eru þó oft ónákvæm og raunveruleg staðsetning sjálfs ferjustaðarins er óþekkt. Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað. Augljóslega hlýtur ferjustaðurinn að hafa verið við vatnið þannig að eldri staðsetning svona langt frá því stenst ekki. Við Sogið sjást mögulega merki um að bátur hafi verið dreginn á land, rétt norðan við þar sem lækur rennur í vatnið en þetta er þó óljóst og

¹⁶ Ö-Bíldsfell ÖS.

¹⁷ *Sunnlenskar byggðir*, III, 1983, 254.

¹⁸ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 480:041.

ummerkin gætu líka verið nýleg. Frá þessum stað má þó einnig sjá leifar götu sem liggur eftir bakkanum. Þessar minjar eru of óljósar til að hafa mikið gildi. Þær eru innan skipulagssvæðis en utan byggingareita og því ekki í hættu.




Mynd 4. Óvíst er hvar gamli ferjustaðurinn [2839-201] var en þarna gæti bátur hafa verið dreginn á land.

Leið [2839-202] gata

Ógreinilegur stígur eða slóði liggur frá mögulegum ferjustað [201] norður meðfram Soginu og framhjá Stakkgarði [200]. Grein frá þessum stíg beygir vestur og liggur síðan aftur suður að stakkgarðinum, nánast í hring. Óvíst er hvort þetta séu leifar eldri götu eða stígar sem myndast hafa á síðari tímum. Tengslin við þústir eða mögulegan stakkgarð og það hve þeir eru ógreinilegir gæti bent til þess að þetta séu gamlir slóðar. Stígurinn meðfram Soginu er utan byggingareita og því ekki í hættu en stígurinn sem liggur í hring að þústunum er að hluta til innan byggingareitarins Fremriklettshaga og því í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þessir stígar geta ekki talist hafa mikið minjagildi en voru mældir upp.



Mynd 5. Ógreinilegur stígur [2839-202] liggur norður meðfram Soginu.



Kort 5. Varða [2839-203] rétt utan skipulagssvæðis og hellur [2839-204].



Mynd 6. Yfirgróin varða [2839-203] er skammt frá byggingarreit Bíldsbrúnar 3 en utan skipulagsmarka

Kennimark – varða [2839-203] varða

Yfirgróin varða er á grónum klapparhól. Hún er um 2 m á breidd og 1 m á hæð. Hún er skammt frá byggingarreit fyrir Bíldsbrú 3 en þó rétt utan marka skipulagssvæðisins og því ekki í hættu en þarf samt að gæta að henni. Varðan hefur allnokkurt minjagildi.



Mynd 7. Hellur [2839-204] við klett.

Óþekkt [2839-204] hellur

Rétt suðaustan við vörðuna er svolítill klettur með stefnu norður – suður. Hann er náttúrulegur en flöt virðist hafa verið rudd austan við hann og hellur liggja upp við suðurendann eða standa upp á rönd. Að sögn Hlöðver Þórs Árnasonar á Bíldsfelli eru þetta milliveggjahellur úr vikri sem voru afgangis úr fjósi Guðmundar föðurbróður hans sem byggt var 1972. Hellurnar eru því ekki gamlar, alla vega ekki eldri en 50 ára. Þær eru nokkuð utan byggingarreits fyrir Bíldsbrún 3 og eru auk þess ekki fornleifar. Hellurnar hafa ekki minjagildi.



Mynd 8. Hellur [2839-204].

Túngarður [2839-207] garðlag

Við fornleifaskráningu árið 1998 var gamall túngarður skráður í túnjaðri hins gamla Bíldfells: „Stór hluti túngarðsins er enn sýnilegur að vestan og norðan verðum hluta gama túnsins. Liggur frá læknum til norðurs eftir túninu og beygir til austurs um 100 metra sunnan við Stöðulinn og hverfur svo 40 metrum vestan við vegaslóðann norður á Stöðul. Garðurinn er um

500 metra langur, og nokkuð heillegur þó hleðslur séu nokkuð útflattar.“¹⁹ Þessi túngarður var líka skráður eftir loftmynd við endurskoðun fornleifaskráningar árið 2018 en ekki skoðaður á vettvangi.²⁰ Garðurinn hefur hlotið mismunandi númer [480:013/69] í þessum skráningum en þarna er þó greinilega um sama garð að ræða. Hann var skoðaður á vettvangi núna og staðsettur. Túngarðurinn hefur ótvírætt minjagildi en er langt utan núverandi skráningarsvæðis og er því ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.



Mynd 9. Túngarður [2839-20] við hið gamla bæjarstæði Bíldfells.

¹⁹ Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 480:013.

²⁰ Birna Lárusdóttir, 2018, nr. 480:69.

Samantekt og niðurstöður

Skráðar voru sex minjar, þar af fimm sem teljast fornleifar og eru þrjár þeirra jafnframt sýnilegar á vettvangi innan eða fast við skipulagssvæðið: þ.e. varða [203], stakkgarður [200] og leið [202]. Varðan er vel varðveitt, hefur allnokkurt minjagildi og þarf að gæta að henni. Hún er þó utan skipulagssvæðis og byggingareit fyrir Bíldsbrún 3 og því ekki í hættu. Stakkgarður og leið sem liggur fram hjá honum við Sogið eru ógreinilegar minjar sem ekki hafa mikið minjagildi. Stakkgarðurinn er utan byggingareita og því ekki í hættu. Leiðin lendir að hluta inni á byggingarreitnum Fremraklettshaga. Uppmæling á henni ætti að vera fullnægjandi en Minjastofnun tekur ákvörðun um það.

Ferjustaður [201] var í fyrri fornleifaskráningu staðsettur í miðju túni norðan við Bíldsfell III með hliðsjón af heimildum um örnefnið Ferjuholt. Engar minjar eru þó sýnilegar á þeim stað enda hlýtur ferjustaðurinn að hafa verið nær Soginu. Nákvæm staðsetning hans er óþekkt en þó virðist á einum stað við Sogið mega sjá ummerki um að eitthvað hafi verið dregið á land en þau ummerki gætu líka verið nýleg. Ekki virðist ólíklegt að ferjustaðurinn hafi verið þarna og er möguleg staðsetning hans því utan byggingareita.

Túngarður [207] við hið gamla bæjarstæði Bíldfells I var skoðaður á vettvangi og staðsettur. Hann hefur ótvírætt minjagildi en er langt utan skráningarsvæðisins og er ekki í neinni hættu. Fleiri minjar eru varðveittar í túninu og nánasta nágrenni hins gamla Bíldfells. Þær voru skráðar árið 1998 en eru allar allan frá núverandi skipulagssvæði og voru því ekki mældar upp aftur að þessu sinni. Engu að síður er æskilegt að hafa í hugfast að merkilegt minjasvæði er kringum gamla bæjarhólinn fyrir fjallsrótum, vestan við skipulagssvæðið.

Aðrar minjar sem hér voru skráðar innan skipulagssvæðisins, þ.e. hellur við klett [204] eru nýlegar, teljast ekki fornleifar og hafa ekki minjagildi. Ekki þarf því að taka tillit til þeirra við framkvæmdir.

Ekki er víst að allar minjar á svæðinu sjáist á yfirborðinu eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml.

Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1918-1921). *Jarðabók: Árnessýsla (II)*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Birna Lárusdóttir. (2018). *Endurskoðun fornleifaskráningar í Grímsnesi og Grafningi með viðbótum við eldri fornleifaskrá*. FS683-16141. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Íslenzk fornrit, I. (1968). Jakob Benediktsson sá um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Íslenzk fornrit, XIII. (1990). Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, I. (1857-1876). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, IV. (1897). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, XIII. (1933-1939). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1998). *Fornleifar í Grafningi: Nesjar, Hagavík, Krókur, Villingavatn, Bíldsfell, Tunga, Hlíð, Stóri-Háls, Litli-Háls og Torfastaðir*. FS069-98181. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.


Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*. Kaupmannahöfn.

Sunnlenskar byggðir, III. (1983). Páll Lýðsson sá um útgáfuna. Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands 1983.


Túnakort Bíldfells í Grafningshreppi. (1918).

Árnastofnun – Örnefnasafn

Ö-Bíldsfell ÖS: Örnefnalýsing Bíldfells. (1921). Ögmundur Sigurðsson skráði. Hann ólst upp að Bíldsfelli 1859-1880 og lærði örnefnin af afa sínum og ömmu, Ögmundi Jónssyni og Elínu Þorláksdóttur, og börnum þeirra, móðursystkinum sínum.



Bíldsfell Skráðar fornleifar	062.5125250375500metrar Yfirlit	N Kort Nr. 1	Antikva ehf.
			Kortagerð: HJH/RT
			Skráning: RKT
			Nóv. 2022



Bíldsfell

Skráðar fornleifar

0 35 70 140 210 280 metrar

Minjar [200] [201] og [202]




Kort
Nr. 2

Antikva ehf.

Kortagerð: HJH/RT

Skráning: RKT

Nóv. 2022



Bíldsfell

Skráðar fornleifar

0 15 30 60 90 120 metrar

Minjar [203] og [204]



Kort
Nr. 3

Antikva ehf.

Kortagerð: HJH/RT

Skráning: RKT

Nóv. 2022

Nr.	200	Bæjarnafn	Bíldsfell	Gömul nr.	480:036	Jarðatalsnr.	480
Svæði	Tóftarmýri	Sveitafélag	Gríms.og Grafn.	Dagur.	26.10.2022	Skráning	RKT
Tegund	Þúst	Hlutverk	Stakkgarður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell		

Ástand	Illgreinilegar fornleifar	Hættumat	Lítill hættu	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Að hluta	Horfin ástæða			
Efni	Torf	Umhverfi	Þústir í mýri				
Lengd	4m	Breidd	3 m	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Bíldsfell ÖS.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 1998, nr. 480:036.				
Isnet E	402931,821						
Isnet N	397183,313						
				Minjagildi	Lítið		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisáðgerðir	Engar				



Í örnefnalýsingu segir: „Tóftarmýri liggur meðfram Soginu, sunnan við Nesheiðina [...] Tóftarmýrarlækur rennur úr holtinu út í Sogið, en Tóftin, sem mýrin dregur nafn af, er gamall Stakkgarður, tóftarþúst, vestan til í mýrinni. “ Þústarbakkir, um 4 x 3 m er í þýðum móa vestan í mýrinni, alveg upp við lækinn, sunnan við hann, en um 30 m norðvestur af Soginu. Mögulega eru þar einhverjar leifar af þessum gamla garði en þær eru afar ógreinilegar. Gata liggur framhjá þústarbakkanum .

Þessar þústir hafa lítið minjagildi. Þær eru innan skipulagssvæðisins en utan byggingarreita og því ekki í hættu.

Nr.	201	Bæjarnafn	Bíldsfell	Gömul nr.	480:041	Jarðatalsnr.	480
Svæði		Sveitafélag	Gríms.og Grafn.	Dagur.	26.10.2022	Skráning	RKT
Tegund	Heimild	Hlutverk	Ferjustaður	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti	Ferjuholt	Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell		
Ástand	Ekki sést til fornleifa	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Já	Horfin ástæða			
Efni			Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá	Ö-Bíldsfell ÖS.				
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Sunnlenskar byggðir, III, 1983, 254.				
Isnet E	402727,249						
Isnet N	397007,702			Minjagildi	Ekki metið		
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Skv. örnefnalýsingu heitir Teigsflatarmýri meðfram Soginu sunnan við Tóftarmýri og þar segir einnig: „Ferjuholt heitir heiðarholtið fyrir vestan Teigsflatarmýri. “ Áður en brýr voru byggðar var ekki hægt að komast yfir Sogið öðruvísi en með ferjum en þar voru víða góðir ferjustaðir. Einn þeirra var frá Bíldsfelli gegnt Ásgarði. Við fyrri skráningu var Ferjuholt með hliðsjón af örnefnakorti staðsett alllangt V frá Soginu þar sem nú eru slétt tún og með hliðsjón af því hefur það verið merkt inn á deiliskipulagsuppdrátt. Örnefnakort eru þó oft ónákvæm og raunveruleg staðsetning sjálfs ferjustaðarins er óþekkt. Engar minjar eru sýnilegar á þessum stað. Augljóslega hlýtur ferjustaðurinn að hafa verið við vatnið þannig að eldri staðsetning svona langt frá því stenst ekki. Við Sogið sjást mögulega merki um að bátur hafi verið dreginn á land, rétt norðan við þar sem lækur rennur í vatnið en þetta er þó óljóst og ummerkin gætu líka verið nýleg. Frá þessum stað má þó einnig sjá leifar götu sem liggur eftir bakkanum. Þessar minjar eru of óljósar til að hafa mikið gildi. Þær eru innan skipulagssvæðis en utan byggingareita og því ekki í hættu.

Nr.	202	Bæjarnafn	Bíldsfell	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	480
Svæði		Sveitafélag	Gríms.og Grafn.	Dagur.	26.10.2022	Skráning	RKT
Tegund	Gata	Hlutverk	Leið	Flokkur	Samgönguminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell		

Ástand	Greinalegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök	
Aldur		Horfin		Horfin ástæða	
Efni	Troðningur		Umhverfi		
Lengd		Breidd		Hæð	
				Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá			
Mæling	Uppmæling		Heimildir	Engar heimildir	
Isnet E	402876,248				
Isnet N	397164,274		Minjagildi	Lítið	
Ljósmyndari	RKT		Mótvægisáðgerðir	Engar	



Ógreinilegur stígur eða slóði liggur frá mögulegum ferjustað [201] norður meðfram Soginu og framhjá Stakkgarði [200]. Grein frá þessum stíg beygir vestur og liggur síðan aftur suður að stakkgarðinum, nánast í hring. Óvíst er hvort þetta séu leifar eldri götu eða stígar sem myndast hafa á síðari tímum. Tengslin við þústir eða mögulegan stakkgarð og það hve þeir eru ógreinilegir gæti bent til þess að þetta séu gamlir slóðar. Stígurinn meðfram Soginu er utan byggingareita og því ekki í hættu en stígurinn sem liggur í hring að þústunum er að hluta til innan byggingareitarins Fremriklettshaga og því í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þessir stígar geta ekki talist hafa mikið minjagildi en voru mældir upp.

Nr.	203	Bæjarnafn	Bíldsfell	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	480
Svæði		Sveitafélag	Grímsnes- og	Dagur.	26.10.2022	Skráning	RKT
Tegund	Varða	Hlutverk	Kennimark	Flokkur	Kennimark		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	Óviss	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Grjót og torf	Umhverfi	Gróin klapparhóll				
Lengd	2 m	Breidd		Hæð	1 m	Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Engar heimildir				
Isnet E	402268,755						
Isnet N	397161,225	Minjagildi	Nokkuð				
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Yfirgróin varða er á grónum klapparhól. Hún er um 2 m á breidd og 1 m á hæð. Hún er skammt frá byggingarreit fyrir Bíldsbrú 3 en þó rétt utan marka skipulagssvæðisins og því ekki í hættu en þarf samt að gæta að henni. Varðan hefur allnokkurt minjagildi.

Nr.	204	Bæjarnafn	Bíldsfell	Gömul nr.		Jarðatalsnr.	480
Svæði		Sveitafélag	Gríms.og Grafn.	Dagur.	26.10.2022	Skráning	RKT
Tegund	Hellur	Hlutverk	Byggingarefni	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Nei	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell		
Ástand	Greinanlegar minjar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1970 ca	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Hellur úr vikri		Umhverfi				
Lengd		Breidd		Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Nei	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling		Heimildir				
Isnet E	402293,634						
Isnet N	397129,982		Minjagildi	Ekki metið			
Ljósmyndari	RKT		Mótvægisáðgerðir	Engar			



Rétt suðaustan við vörðuna er svolíttill klettur með stefnu norður – suður. Hann er náttúrulegur en flöt virðist hafa verið rudd austan við hann og hellur liggja upp við suðurendann eða standa upp á rönd. Að sögn Hlööver Þórs Árnasonar á Bíldsfelli eru þetta milliveggjahellur úr vikri sem voru afgangs úr fjósi Guðmundar föðurbróður hans sem byggt var 1972. Hellurnar eru því ekki gamlar, alla vega ekki eldri en 50 ára. Þær eru nokkuð utan byggingarreits fyrir Bíldsbrún 3 og eru auk þess ekki fornleifar. Hellurnar hafa ekki minjagildi.

Nr.	207	Bæjarnafn	Bíldsfell	Gömul nr.	480:013/69	Jarðatalsnr.	480
Svæði		Sveitafélag	Gríms.og Grafn.	Dagur.	26.10.2022	Skráning	RKT
Tegund	Garðlag	Hlutverk	Túngarður	Flokkur	Búsetuminjar		
Sérheiti		Friðað	Já	Verkefni	Deiliskipulag Bíldsfell		

Ástand	Vel greinanlegar fornleifar	Hættumat	Engin hætta	Hættuorsök			
Aldur	1700-1930	Horfin	Nei	Horfin ástæða			
Efni	Torf og grjót	Umhverfi					
Lengd	500 m	Breidd	1,5 m	Hæð		Hleðslu umferð	
Túnakort	Túnakort 1918	Örnefnaskrá					
Mæling	Uppmæling	Heimildir	Fornleifastofnun, 1998, nr. 480:013. Fornleifastofnun, 2018, nr. 480:69.				
Isnet E	401623,088						
Isnet N	396668,741						
					Minjagildi	Mikið	
Ljósmyndari	RKT	Mótvægisaðgerðir	Engar				



Við fornleifaskráningu árið 1998 var gamall túngarður skráður í túnjaðri hins gamla Bíldsfells: „Stór hluti túngarðsins er enn sýnilegur að vestan og norðan verðum hluta gama túnsins. Liggur frá læknum til norðurs eftir túninu og beygir til austurs um 100 metra sunnan við Stöðulinn og hverfur svo 40 metrum vestan við vegaslóðann norður á Stöðul. Garðurinn er um 500 metra langur, og nokkur heillegur þó hleðslur séu nokkuð útflattar.“ Hluti af þessum túngarði var síðan skráður við endurskoðun fornleifaskráningar árið 2018: „Á loftmynd frá Loftmyndum vottar fyrir garðlagi nyrst í túninu á Bíldsfelli. Virðist sem það afmarki nyrstu totu túnsins. Garðlagið er alls um 90 m langt og liggur í sveig. Það er í sléttuðu túni og því sennilega mjög jarðlægt. Staðurinn hefur ekki verið skoðaður á vettvangi þegar þetta er ritað en er merktur inn í kortagögnum.“ Garðurinn hefur hlotið mismunandi númer [480:013/69] í þessum skráningum en þarna er þó greinilega um sama garð að ræða. Hann var skoðaður á vettvangi núna og staðsettur. Túngarðurinn hefur ótvírætt minjagildi en er langt utan núverandi skráningarsvæðis og er því ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.